



## FUNDARGERÐ 506. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 2. október 2024. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1.

**Fundarstjóri:** Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður stjórnar.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Sækja staðfund:** Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlööversson, og Valdimar Víðisson.

Þór Sigurgeirsson, bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar, tengist fundinum sem gestur með fjarfundarbúnaði.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

### Tekið fyrir

#### 1. Málefni endurvinnslustöðva - Lambhagavegur 14

Ísól Fanney Ómarsdóttir, verkefnastjóri hjá SORPU, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Ísól Fanney gerir grein fyrir stöðu uppbyggingar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg 14. Kynntar voru þrjár sviðsmyndir. Afgreiðslu frestað þar til framtíðarhópur um framtíðarskipan endurvinnslustöðva hefur skilað sínum tillögum.

#### 2. Starfskjaranefnd

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir drögum að útfærslu á starfskjaranefnd SORPU. Samþykkt að vinna áfram með tillögur framkvæmdastjóra um gerð starfsreglna og erindisbréfs. Samþykkt að formaður stjórnar SORPU taki sæti í nefndinni.

#### 3. Stofnun undirbúningsfélags vegna frekari þróunar á uppbyggingu brennslu

Þann 18. apríl 2024 kom út skýrsla sem unnin var í umboði Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Skýrslunni var ætlað að bera saman hagkvæmni sviðsmyndar A: að reisa annars vegar eina 140.000 tonna hátækisorbrennslu á Helgúvíkursvæðinu, og hins vegar sviðsmyndar B, að reisa eina 120.000 tonna hátækisorbrennslu á Helgúvíkursvæðinu og aðra 20.000 tonna hátækisorbrennslu á Dysnesi.

Á 497. fundi stjórnar SORPU var lagt fram minnisblað þar sem lagt er til að SORPA bs lýsi yfir áhuga á aðkomu að undirbúningsfélagi og kalla eftir vilyrði áhugasamra aðila um samstarf. Í fundargerð er eftirfarandi bókað

*„Stjórn felur framkvæmdastjóra að halda áfram viðræðum við aðila á grundvelli minnisblaðsins. Framkvæmdastjóri kynni málið að nýju á næsta fundi stjórnar.“*



Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir forsendum og stöðu verkefnis um stofnun undirbúningsfélags um Hátæknibrennslu.

Samþykkt að leggja til við eigendavettvang SORPU að halda áfram með verkefnið og stofna undirbúningsfélagið.

Ákveðið að óska eftir fundi á eigendavettvangi til að kynna þetta verkefni nánar.

Ákveðið að fresta þátttöku í kynningarferð til Finnlands til að skoða sambærilegar brennslur.

#### **4. Starfsmat stjórnar**

Framkvæmdastjóri kynnir starf Deloitte um starfsmat stjórnar.

#### **5. Fjárhagsáætlun SORPU bs og gjaldskrá fyrir árið 2025**

Fjármálastjóri kynnti tvær sviðsmyndir á fjárhagsáætlun 2025, með 0% og 3,5% meðalhækkun gjaldskrár.

Samþykkt að fjármálastjóri útfæri báðar tillögur nánar í samræmi við umræðu á fundinum til kynningar fyrir eigendavettvang SORPU.

Samþykkt að framkvæmdastjóri óski eftir stjórnarfundi þegar endanlegar sviðsmyndir liggja fyrir.

#### **Næsti fundur**

Næsti fundur er boðaður 6. nóvember klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:43.